

Föstudaginn 3. marz 1961.

Nr. 98/1960. **Hinrik A. Þórðarson**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Hreppsnefnd Skeiðahrepps f. h. hreppsins
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómdendur:

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snæv-
arr prófessor.

Um kostnað af gerð sýsluvegar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1960 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 10.690.00 auk 6% ársvaxta til greiðsludags af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1951, af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1952, af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1953 og af kr. 3190.00 frá 1. janúar 1954. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 13. gr. laga nr. 34/1947 segir: „Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði. Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um stofnun sýsluvegasjóðs samkvæmt lögum nr. 10 20. júní 1923, um samþykktir um sýsluvegasjóði, og fer þá um kostnað við sýsluvegi samkvæmt þeim lögum“.

Kostnaðarákvæði 5. gr. laga nr. 10/1923 eru tekin orðrétt upp í 6. gr. núgildandi laga um samþykktir um sýsluvegasjóði nr. 102/1933.

Í 2. málsg. 6. gr. þeirra laga segir: „Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti, eftir nánari reglum sýslunefndar í hvert sinn“.

Ákvæðið í niðurlagi 2. gr. samþykktar um sýsluvegasjóð Árnessýslu nr. 73/1950 um greiðslu á $\frac{1}{3}$ hluta vegagerðarkostnaðar við sýsluvegi í II. flokki er ekki í samræmi við þessi ákvæði, og ekki er í ljós leitt, að stefndi hafi tekið á sig frekari skuldbindingar í sambandi við setningu samþykktarinnar en framangreindar lagareglur leggja honum á herðar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. marz 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. marz s.l., hefur Hinrik A. Þórðarson, bóndi að Útverkum, Skeiðahreppi í Árnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttatilaun með stefnu, sem gefin var út 4. apríl 1957, gegn hreppsnefnd Skeiðahrepps fyrir hreppsins hönd. Hafa aðiljar samið um, að með mál þeirra skuli farið hér á þinginu. Stefnandi krefst greiðslu vegna vangoldinna vegartillaga, kr. 10.690.00, auk 6% ársvaxta til greiðsludags þannig: af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1951, af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1952, af kr. 2500.00 frá 1. janúar 1953 og af kr. 3190.00 frá 1. janúar 1954. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Með samþykkt nr. 37/1943 um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Árnessýslu nr. 54/1938 var vegur að Útverkum á Skeiðum tekinn í sýsluvegatölu. Sýslunefnd Árnessýslu veitti í fyrsta skipti fé til vegarins árið 1949, kr. 2000.00. Var síðan unnið það ár við veginn fyrir kr. 20.000.00, að því er stefnandi telur. Kveðst hann hafa lagt fé þetta út, og reikningshald um vegargerðina hafði hann með höndum með samþykki sýslunefndarmanns Skeiðahrepps. Á árunum 1950, 1951 og 1952 veitti sýslunefndin kr. 5000.00 á ári til vegarins og árið 1953 kr. 7000.00. Síðari sýsluframlög höfðu ekki verið notuð, er mál þetta var höfðað, vegna ágreinings þess, sem málið er risið af.

Krafa stefnanda er á því byggð, að Skeiðahreppi sé skylt að leggja fram fé á móti framlögum þeim, sem sýslunefndin hefur ákveðið, og telur hann, að mótfamlögin skuli nema a.m.k. 50% af því fé, sem sýslunefnd veitir. Stefnandi skýrir kröfu sína nánar þannig, að hann hafi fengið greidd sýsluframlögin fyrir árin 1949 til 1953 að báðum árunum meðtöldum og skilað sýslumanni reikningum fyrir jafnháum upphæðum svo og reikningum vegna mótfamlaga ár hvert. Hreppurinn hafi greitt mótfamlagið fyrir árið 1949, en ekki fyrir hin árin. Hafi reikningarnir vegna mótfamlaganna numið kr. 2500.00 á ári fyrir árin 1950—1952, en kr. 3190.00 fyrir árið 1953. Samkvæmt framlagðri útskrift úr ársreikningum sýsluvegasjóðs Árnassýslu nema framlög „að heiman“ sömu upphæðum ár hvert eða litlu hærri, og er ekki véfengt í máli þessu, að stefnandi hafi greitt til vegarins það fé, sem hann krefst úr hendi hreppsnefndarinnar.

Um lagarök er af hálfu stefnanda vísað til samþykktar um sýsluvegasjóð Árnassýslu nr. 73/1950 og laga um samþykktir um sýsluvegi nr. 102/1953, sbr. lög nr. 50/1947. Enn fremur eru kröfur stefnanda studdar þeim rökum, að hreppsnefnd Skeiðahrepps hafi tekizt á hendur þá skyldu að veita fé á móti sýsluframlögum til Útverkavegar, þegar hún veitti fé til vegarins á móti fyrsta sýsluframlaginu. Framlag hreppsins nam í það skipti kr. 2000.00, og var stefnanda tilkynnt um það með bréfi, dagsettu 10. febrúar 1950.

Stefnda byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að ekki sé um neina greiðsluskyldu að ræða, þar sem enginn löggerningur þar að lútandi hafi verið gerður milli málsaðilja og skilningur stefnanda á samþykkt nr. 73/1950 og lögum um samþykktir fyrir sýsluvegasjóði sé rangur, enda myndi samþykktin, ef skilningur stefnanda væri réttur, ekki eiga stoð í lögum. Einnig er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi fyrirgert hugsanlegum endurkröfurétti sínum með því að taka við sýsluframlögum til Útverkavegar og láta sýslumann fá reikninga fyrir mótfamlögum hin umræddu ár án þess að gera fyrirfram kröfu um greiðslu þeirra til hreppsins. Loks er sýknukrafan studd þeim rökum, að stefnandi hafi tekið við endurgreiðslum á hreppsvegagjaldi fyrir árin 1951—1954. Greiðslur þessar eru þannig til komnar, að á fundi hreppsnefndar 20. júlí 1951 var samþykkt að heimila oddvita að endurgreiða þeim, sem byggju við II. flokks sýsluvegi, hreppsvegagjald þeirra, enda

yrði því varið til vegabóta. Í máli þessu hafa verið lögð fram afrit af tveimur kvittunum frá stefnanda. Er þar kvittað fyrir „framlag Skeiðahrepps í Útverkaveg árið 1952“, 80 krónur, og „framlag Skeiðahrepps til Útverkavegar fyrir árið 1953“ 80.00 krónur.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að framlag Skeiðahrepps til Útverkavegar 1949 hafi verið ákveðið vegna þess, að hreppsnefndin hafi verið skyldug til þess, enda hafi framlagið verið helmingi herra en meint skylduframlag. Einnig er því mótmælt, að fjárveiting þessi hafi leitt til þess, að hreppurinn hafi skuldbundið sig til frekari framlaga.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að réttarreglur um endurkröfur leiði til þess, að krafa stefnanda í máli þessu sé ólögvarin, enda hafi hann margkafið hreppsnefndina um mótframlögin og henni verið kunnugt um lagaskilning stefnanda, áður en hann tók við sýsluframlögunum. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi fallið frá kröfum sínum með því að kvitta fyrir endurgreiðslu hreppsvegagjaldsins, enda hafi ekki verið um að ræða fullnaðarkvittanir fyrir framlögum úr hendi hreppsins til Útverkavegar.

Samþykkt nr. 73/1950 var staðfest í Samgöngumálaráðuneytinu 15. apríl 1950, en mun hafa verið samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Árnessýslu árið áður. Í samþykktinni er Útverkavegur talinn meðal II. flokks sýsluvega. Í niðurlagi 2. gr. samþykktarinnar segir: „Sýsluvegasjóður greiðir allan kostnað nýbygginga og viðhalds vega í I. flokki, en hlutaðeigandi hreppsfélag skal leggja fram a.m.k. $\frac{1}{3}$ hluta alls kostnaðar við vegi í II. flokki eftir ákvörðun sýslunefndar í hvert sinn.“

Aðilja greinir á um, hvernig ákvæði þetta skuli skýra. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að með ákvæðinu sé sú skylda lögð á hreppsnefndir í sýslunni, að þær greiði a.m.k. þriðjung af heildarkostnaði við gerð II. flokks sýsluvega, er sýslunefnd veitir til þeirra fé af sinni hálfu. Því er sérstaklega haldið fram, að ekki sé unnt að líta svo á, að þeir bændur, sem sérstaklega njóta veganna, eigi að greiða til þeirra, enda séu vegirnir almenningseign. Stefnandi hefur lagt fram afrit af bréfi, undirrituðu af Geir Zoëga, þar sem sami skilningur kemur fram og hjá stefnanda. Bréfi þessu hefur verið mótmælt.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að í ákvæðinu felist ekki, að skylt sé að greiða af hreppsfé mótframlag, eins og stefnandi álitur. Hafi sýslunefndin ekki lagaheimild til slíkrar álagningar.

Samþykktin styðjist við lög nr. 102/1933 um samþykktir fyrir sýsluvegi og lög nr. 50/1957 um breytingu á þeim lögum. Það ákvæði í lögnum, sem eitt getur verið heimild fyrir skilningi stefnanda á fyrrgreindu samþykktarákvæði, sé 2. mgr. 6. gr. Þar segir: „Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.“ Af þessu má að dómi stefndu draga þá ályktun, að mótframlag geti verið skilyrði fyrir því, að sýslunefnd veiti fé til II. flokks sýsluvega. Hins vegar geti ekki verið um það að ræða, að sýslunefndin skyldi hreppsfélög til slíkra mótframlaga.

Af hálfu stefndu er því enn fremur haldið fram, að sami skilningur og af hennar hálfu kemur fram í máli þessu hafi jafnan verið lagður í sýsluvegasjóðssamþykkt Árnassýslu af öllum, sem hún varðar, öðrum en stefnanda þessa máls, og hafi aðrir bændur í sýslunni greitt sjálfir sín mótframlög, þar sem um II. flokks sýsluvegi var að ræða. Í málinu hafa verið lögð fram vottorð frá fjórum hreppsnefndaroddvitum í Árnassýslu, auk aðiljaskýrslu oddvita Skeiðahrepps, um, að þessi háttur sé á málum í viðkomandi hreppum.

Til að upplýsa aðstöðu sýslunefndar Árnassýslu til málsins hefur verið bent á eftirfarandi: Á sýslufundi 1947 var veitt fé til nokkurra vega með því skilyrði, „að viðkomandi hrepps-sjóður eða notandi greiði helming kostnaðar við framkvæmdir.“

Hinn 6. maí 1951, þegar deila var komin upp milli aðilja þessa máls, samþykkti hreppsnefnd Skeiðahrepps að óska eftir, að sýslunefnd setti „nánari ákvæði um greiðslu áskilins þriðjungs kostnaðar við 2. fl. vegi“. Af þessu tilefni gerði sýslunefnd á aðalfundi sínum sama ár eftirfarandi samþykkt:

„55. Út af fyrirspurn oddvita Skeiðahrepps um skilning á niðurlagi 2. gr. samþykktar um sýsluvegasjóð Árnassýslu frá 1949 ályktar sýslunefndin að lýsa yfir því, að öllum aðiljum (hreppsnefndum og einstaklingum) er í sjálfvald sett, hvort þeir nota fjárveitingar sýsluvegasjóðs til 2. fl. vega. En sé fjárveiting notuð, skal sá, sem það gerir, leggja fram það, sem nemi að minnsta kosti hálfu framlagi sýsluvegasjóðs. Öllum framkvæmdum í 2. flokks vegum skal haga eftir fyrirmælum viðkomandi sýslunefndarmanns, eins og gert er í 1. flokks vegum.

Samþykkt samhljóða.“

Þar sem ágreiningurinn varð enn ekki til lykta leiddur, ósk-

aði hreppsnefndin eftir því, að sýslunefndin breytti niðurlagi 2. gr. sýsluvegasjóðssamþykktarinnar til samræmis við samþykkt þá, sem hér hefur verið tekin upp. Sýslunefndin afgreiddi málið 1954 með eftirfarandi bókun:

„Oddviti Skeiðahrepps hefur óskað þess, að sýslunefndin breyti orðalagi á niðurlagi 2. gr. samþykktar um sýsluvegasjóð Árnes-sýslu vegna ágreinings við Hinrik Þórðarson um framlag til Útverkavegar móti tillagi sýsluvegasjóðs. Sýslunefndin telur ekki ástæðu til að breyta samþykktinni vegna þessa ágreinings og veitir ekki fé til vegarins, fyrr en þeim ágreiningi er lokið og samkomulag fengið um tillag til hans.“

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að venjur um framkvæmd niðurlags 2. gr. sýsluvegasjóðssamþykktarinnar hafi nokkra þýðingu í máli þessu. Einnig er því haldið fram, að yfirlýsingar oddvita fjögurra hreppa auk aðiljaskýrslu séu ófullnægjandi gögn um venjur um þessi mál í Árnessýslu yfirleitt. Þá er því mótmælt, að fyrrgreindar samþykktir sýslunefndar hafi þýðingu í málinu gegn orðum hinnar staðfestu samþykktar nr. 73/1950.

Ekki verður fallið á þá skoðun, sem haldið er fram af hálfu stefnanda, að stefnda hafi með fjárveitingu sinni fyrir árið 1949 skuldbundið sig til að veita framvegis fé á móti sýsluframlögum í Útverkaveg. Enginn þar til bær aðili hefur tekizt á hendur slíka skyldu f. h. hreppsins. Ekki er sannað í málinu, að hreppsnefndin hafi veitt fé fyrir 1949 á þeim forsendum, að henni bæri skylda til þess, og kemur þetta atriði því ekki frekar til athugunar.

Að skoðun dómarans ráðast úrslit málsins að þessu athuguðu á því, að kröfu stefnanda skorti stuðning í lögum. Þó að sá skilningur, sem stefnandi heldur fram á niðurlagi 2. gr. samþykktar nr. 73/1950, hljóti að teljast eðlilegur eftir orðanna hljóðan, verður að hafna honum, þar sem ákvæðið styðst ekki við lög, ef það er skilið með þessum hætti. Ekki er í íslenskum lögum almenn heimild til fyrir sýslunefndir til að leggja gjaldskyldu á hreppsfélög. Samþykkt nr. 73/1950 er, að því er segir í niðurlagi hennar, byggð á fyrrnefndum lögum um samþykktir fyrir sýsluvegasjóði. Ákvæði það, sem helzt gæti verið heimild fyrir niðurlagsákvæði 2. gr. samþykktarinnar, er 2. mgr. 6. gr. laganna, sem áður er rakin. Þar er sýslunefndum aðeins veitt heimild til að binda framlög sín því skilyrði, að hreppar sjái um mótframlög. Þegar af þessari ástæðu verður að sýkna stefndu af kröfum stefnanda um greiðslu vegna vangoldinna vegatillaga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, hreppsnefnd Skeiðahrepps fyrir hönd hreppsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hinriks A. Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 3. marz 1961.

Nr. 24/1961. **Davíð Ólafsson, Hannes Ólafsson, Steinunn Ólafsdóttir og Þóra Ólafsdóttir**

gegn

Guðmundi Ólafssyni, Jónínu Ólafsdóttur, Málfríði Ólafsdóttur og Helga Runólfssyni sem fjárhaldsmanni Bjarnar Á. Þorbjörnssonar og Ólafs Á. Þorbjörnssonar.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir **Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.**

Kærumál. Uppboðsskilmálar.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 13. febrúar 1961, sem Hæstarétti barst 16. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 7. febrúar 1961, og krafizt þess, að 2. lið 3. gr. uppboðsskilmála fyrir jörðina Hvítárvelli í Andakilshreppi frá 3. febrúar 1961 verði breytt þannig, að sá hluti af kaupverði jarðarinnar, er eigi greiðist, þá er boð er samþykkt, skuli greiða að fullu, þegar uppboðskaupandi tekur við umráðum jarðarinnar í fardögum 1961, en til vara, að nefndur hluti kaupverðsins greiðist á